



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 15. mars 2021
1904399(&1907192)/511.10 IA

Efni: Stofnframlag vegna þjónustuíbúða

Kópavogsbær hefur sótt um stofnframlög vegna byggingar þjónustuíbúða að Fossvogsbrún 2a annars vegar og Kleifakórs 2-4 hins vegar.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fjármagnar bærinn þessar framkvæmdir, en sótt er um stofnframlag frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) á móti framlögum bæjarins. Til að HMS geti tekið til greina umsókn bæjarins um stofnframlag þurfa þeir að fá staðfestingu bæjarstjórnar á því að hluti af framlögum bæjarins muni flokkast sem stofnframlög. Einnig þurfa þeir að fá greiningu á því á hvaða formi þetta framlag verður greitt.

Þegar umsókn um stofnframlag var send inn fylgdi með staðfesting á því hve stór hluti framlaga Kópavogsbæjar yrði í hvorn íbúðakjarna og á hvaða formi hann yrði. Tölurnar koma frá umhverfissviði og byggjast á útboði og framgangi verkefnisins að Fossvogsbrún. Er því óskað eftir því að bæjarstjórn staðfesti að af því fjármagni sem bærinn leggur í verkefnin sé hluti þess það 12% stofnframlag sem lög kveða á um, sundurgreining framlags kemur svo fram í bókun:

Bókun

Bæjarstjórn Kópavogs staðfestir að hluti af framlagi Kópavogsbæjar til byggingar á þjónustukjörnum að Fossvogsbrún 2a og Kleifakór 2-4 sé 12% stofnframlag, sbr. lög um almennar íbúðir. Þessi stofnframlög skiptast sem hér segir:

Fossvogsbrún 2a: 34.240.707 kr., þar af 16.464.534 kr. sem lóðagjöld (að núvirði) og 17.776.173 kr. í peningum.

Kleifakór 2-4: 34.860.570 kr., þar af 16.464.534 kr. sem lóðagjöld (að núvirði) og 18.396.036 kr. í peningum.

Virðingarfyllt,

Ingólfur Arnarson
Fjármálastjóri